

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015 vegna Þórisstaða.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 29. nóvember 2000 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshreppa 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Í breytingunni felst að spilda úr landi Þórisstaða breytist úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfiráðuneytinu, 29. nóvember 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 894

29. nóvember 2000

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Glæsibæjarhreppi.

I. Um holræsi.

1. gr.

Hreppsnefndin hefur ein heimild til að láta leggja holræsi samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða, götuæða og rotþróa. Allar framkvæmdir sem varða holræsakerfið, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón annast hreppsnefndin eða þeir menn sem hreppsnefnd felur það undir hennar umsjón.

2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja holræsi svo, að hver lóðarhafi nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til. Skyld er lóðaeigendum og húsráðendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi er flytji skolp allt út í aðalræsi. Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja.

Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglugerðir á hverjum tíma.

3. gr.

EKKI er heimilt að veita frárennsli, er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess, út í göturæsi. Þetta getur átt við um eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skolp innihaldi ofangreind efni ber húseiganda skylda til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg áður en því er veitt út í holræsakerfið. Ráðstöfunum þessum ber að haga samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar.